

þessar skv. nánari reglum, er landbúnaðarráðherra setur. Með sama hætti getur mjólkurframleiðandi óskað eftir slíkri greiðslu fyrir hærra hlutfall ónýtt fullvirðisréttar, enda berist Framleiðsluráði landbúnaðarins umsókn um það fyrir 1. júní 1988. Aldrei verður þó greitt fyrir ónotaðan rétt, ef framleiðsla á árinu nær ekki 50% af fullvirðisrétti viðkomandi býlis.

Nýti mjólkurframleiðandi ekki fullvirðisrétt sinn með reglum 1. og 2. mgr. þessarar greinar, skal hinn ónýtti réttur koma til viðbótar fullvirðisrétti einstakra framleiðenda við uppgjör framleiðslu á viðkomandi búmarkssvæði það verðlagsár, í þessari röð:

- a. til framleiðenda á svæðinu, skipt hlutfallslega á milli þeirra, allt að búmarki þeirra í greininni. Þeir framleiðendur sitji fyrir þessari viðbót sem hafa fullvirðisrétt minni en 80% að búmarki.
- b. til annarra búmarkssvæða, að fenginni staðfestingu landbúnaðarráðherra, og skal þeim rétti skipt skv. a-lið þessarar greinar.

3. gr.

2. mgr. 19. gr. orðist svo:

Framleiðanda er óheimilt án samþykkis hlutaðeigandi búnaðarsambands, að selja eða leigja þann fullvirðisrétt til mjólkurframleiðslu sem hann hefur hlotið á grundvelli 14. gr. rg. nr. 339/1986 eða hlýtur skv. 14. gr. rg. nr. 291/1987.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. janúar 1988.

Jón Helgason.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um breytingu (1.) á reglugerð um búnað og rekstur lyfjabúða og undirstofnana þeirra nr. 24/1983.

1. gr.

13. gr., a-stafliður og 1. töluliður hans hljóði svo: Efni og efnasamsetningar, sem talin eru hér á eftir, skulu merkt varnaðarmerki A, sbr. reglugerð nr. 77/1983 um gerð íláta, merkingu og varnaðarmerki varðandi sölu og varðveislu eiturefna og skulu þau varðveitt í læstum eiturskáp.

Acetarsolum
Acidum mersalylicum
Adrenalin tartras
Adrenalinum
Aethinyloestradiolum
Alprenololi chloridum
Apomorphini hydrochloridum
Arecolini bromidum
Atropini sulfas

Benzhexoli chloridum
* Benzolum
Benzatropini mesilas
Busulfanum
Carbacholi chloridum
Carbonei sulfidum
* Chlorali hydras
Cinchocainii chloridum
Cinchocainum
* Clofenotanium
Colchicinum

Deslanosidum	Metaoxedríni chloríðum
Diaethylstilboestrolum	Metaramínoli bitartras
Digitoxinum	Methacholíni bromíðum
Digoxinim	* Methanolum
Dihydroergotamini mesilas	Methylatropíní bromíðum
* Diluendum formaldehydi 36%	Methylatropíní nítas
Diluendum glyceryli nitratis 10%	Methylergometríní maleas
* Diphenylaminum	Methylscopolamíní nítas
Ergocalciferolum	Natríi fluoríðum
Ergometríní maleas	Natríi fluoríðum venale
Ergotamini tartras	Natríi monofluorophosphas
Glycopyrróni bromíðum	Natríi nítas
* Hexachlorophenum	Neostigminí bromíðum
* Hæxíðum	Noradrenalíní tartras
Histamíní chloríðum	Ouabainum (g-Strophanthínium)
Homatropíní hydrobromíðum	* Phenolum
Homatropíní methylbromíðum	Phenylhydrargýrí acetas
Hydrargýrí jodíðum	Phenylhydrargýrí boras
Hydrargýrí oxícyaníðum	Phenylhydrargýrí nítas
Hydrargýrí perchloríðum	Physostigminí salícýlas
Hydrargýrum	Pilocarpíní chloríðum
Hydromorphoní chloríðum	Pilocarpíní nítas
Hyoscyamíní hydrobromíðum	Reserpinum
Hyoscyamíní sulfas	* Rotenonum
* Kreolínium	Scopolamínium hydrobromíðum
* Kreosotum	Stannósí fluoríðum
* Kreosotum venale	Strychníní nítas
Lanatosíðum C	Terbutalíní sulfas
Liothyronínium natricum	* Tetrachlormethanum
	Thiamazolum
	Thyroxínium natricum
	* Trikresolum
	Warfarinnatríum
	Warfarinnatríum clathratum

Efni og samsetningar, sem eru merktar * má geyma utan eiturefna með því skilyrði, að umbúðir þeirra séu merktar samkvæmt gildandi reglum hverju sinni um merkingar eiturefna og hættulegra efna.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett eru samkvæmt ákvæðum 19. og 34. gr. laga um lyfjadreifingu nr. 76/1982 öðlast gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. janúar 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Ingolf J. Petersen.